



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Landssamband skógræktarfélaganna – Þórunnartúni 6 - 105 Reykjavík
Sími: 551 8150 Netfang: skog@skog.is Vefsíða: www.skog.is

Reykjavík 22. september 2022

***Til sveitarfélaga á Íslandi
bt. sveitarstjórnar***

Með bréfi þessu vill stjórn Skógræktarfélags Íslands fylgja eftir eftirfarandi ályktun sem samþykkt var á aðalfundi félagsins nýverið.

Sveitarfélög, skipulagsáætlanir og framkvæmdaleyfi til skógræktar

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Mosfellsbæ dagana 2.-4. september 2022, skorar á sveitarstjórnir landsins að vinna að skipulagsáætlunum í takt við stefnu stjórnvalda um skógrækt á landsvísu og eru sveitarfélög hvött til að koma sér upp skilvirkum verkferlum og forðast óþarfa tafir og kostnað við afgreiðslu framkvæmdaleyfa vegna skógræktar.

Það er einlæg ósk Skógræktarfélags Íslands að ályktunin verði tekin til góðfúslegrar skoðunar.

F.h. stjórnar Skógræktarfélags Íslands

Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri

Samrit: Innviðaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga.